

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Sigrún Helga Sigurjónsdóttir <sigrunhelga@althingi.is>  
**Sent:** föstudagur, 28. apríl 2023 12:02  
**Subject:** Til umsagnar 980. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

28. apríl 2023  
Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Atvinnuveganefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu), 976. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist **eigi síðar en 11. maí nk.** á netfangið [nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/1524.pdf>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni

<https://www.althingi.is/thingnefndir/viltu-senda-umsogn/leidbeiningar-um-umsagnir-um-thingmal/>

Kveðja,



**Sigrún Helga Sigurjónsdóttir**

Sérfræðingur

Stoðteymi

Nefnda- og greiningarsvið

☎6934479



**GRÆN SKREF**

*Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.  
[Fyrirvari/Disclaimer](#)*

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Sigrún Helga Sigurjónsdóttir <sigrunhelga@althingi.is>  
**Sent:** föstudagur, 28. apríl 2023 16:20  
**Subject:** Til umsagnar 978. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

28. apríl 2023  
Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Atvinnuveganefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun í málefnum hönnunar og arkitektúrs fyrir árin 2023-2026, 978. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist **eigi síðar en 11. maí nk.** á netfangið [nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/1526.pdf>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni

<https://www.althingi.is/thingnefnadir/viltu-sendu-umsogn/leidbeiningar-um-umsagnir-um-thingmal/>

Kveðja,



**Sigrún Helga Sigurjónsdóttir**

Sérfræðingur

Stoðteymi

Nefnda- og greiningarsvið

☎6934479



**GRÆN SKREF**

*Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.*  
Fyrirvari/Disclaimer

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Sigrún Helga Sigurjónsdóttir <sigrunhelga@althingi.is>  
**Sent:** föstudagur, 5. maí 2023 11:25  
**Subject:** Til umsagnar 1028. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

5. maí 2023  
Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 1028. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist **eigi síðar en 17. maí nk.** á netfangið [nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/1637.pdf>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni

<https://www.althingi.is/thingnefndir/viltu-senda-umsogn/leidbeiningar-um-umsagnir-um-thingmal/>

Kveðja,



**Sigrún Helga Sigurjónsdóttir**

Sérfræðingur

Stoðteymi

Nefnda- og greiningarsvið

☎6934479



**GRÆN SKREF**

*Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.*  
Fyrirvari/Disclaimer

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Margrét Mjöll Benjamínsdóttir <margret.m.benjaminsdottir@althingi.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 17. maí 2023 16:46  
**Subject:** Til umsagnar 497. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

17. maí 2023  
Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum, nr. 112/2021 (lækkun kosningaaldurs), 497. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist **eigi síðar en 26. maí nk.** á netfangið [nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.  
Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:  
<https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0599.pdf>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni  
<https://www.althingi.is/thingnefndir/viltu-senda-umsogn/leidbeiningar-um-umsagnir-um-thingmal/>

Kveðja,



**Margrét Mjöll Benjamínsdóttir**  
Sérfræðingur  
Stoðteymi  
Nefnda- og greiningarsvið  
☎ 563 0500



**GRÆN SKREF**

*Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.  
Fyrirvari/Disclaimer*

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Sveinn Runólfsson <sveinnrun@gmail.com>  
**Sent:** fimmtudagur, 4. maí 2023 13:46  
**Cc:** sveinnrun@gmail.com  
**Subject:** Berist til allra sveitarstjórna á landinu um skipulag skógræktar í landinu  
**Attachments:** Skipulag skógræktar.pdf

Háttvirtu sveitarstjórnir

Vinsamlegast takið meðfylgjandi afrit af bréfi VÍN, vina íslenskrar náttúru, til umfjöllunar og afgreiðslu á sveitarstjórnarfunum ykkar.

Sjá enn fremur <https://natturuvinir.is/>

Með vinsemd og virðingu

Fyrir hönd stjórnar VÍN

Sveinn Runólfsson, formaður

Tröllhólum 39

800 Selfossi

Sími 893 0830

Til Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga  
Borgartúni 30  
105 Reykjavík

Selfossi 14. apríl 2023

## Efni: Skipulag skógræktar – ábyrgð sveitarstjórna

### Inngangur

Á undanförunum misserum hafa verið sett fram stórtæk áform um að auka skógrækt hér á landi. Þessum áformum er það yfirleitt sameiginlegt að þau eru sett fram sem aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Fyrir liggur jafnvel áhugi og vilji erlendra aðila til að hefja stórfellda skógrækt hérlandis í þeim tilgangi. Með nútíma vélvæðingu við jarðvinnslu og plöntun er víða hægt að ná miklum afköstum í skógrækt. Með skógrækt er hægt að byggja upp kvóta sem verður söluvara sem samsvarar því kolefni sem binst við ræktun skógarins. Fyrirtæki með neikvætt kolefnisspor virðast því geta keypt sér nokkurs konar aflátsbréf frá þeim aðilum sem hafa jákvæða stöðu í því uppgjöri. Því er að mörgu að hyggja í þessum efnum fyrir sveitarstjórnir sem fara með skipulagsvald hver á sínu svæði.

Því verður ekki á móti mælt að skógrækt hefur margháttuð áhrif á umhverfið. Vafalaust sýnist sitt hverjum hvort þau áhrif séu jákvæð eða neikvæð. Mikilvægt er að átta sig á að ræktun skóga gerbreytir ásýnd lands og þeim vistkerfum sem fyrir eru. Þetta á ekki síst við um skóga með hávöxnum framandi tegundum eins og alaskaösp, sitkagreni og stafafuru. Í þessu sambandi skiptir miklu að áhrif skógræktar á sitt nánasta umhverfi koma ekki fram fyrir en skógurinn vex upp. Þau munu því ekki sýna sig að fullu fyrir en eftir allnokkra áratugi.

### Skógrækt – samkeppni um land

Talið er að skógur (ræktaður 0,5% og náttúrlegur 1,5%) þeki nú um 2% af flatarmáli Íslands. Það þykir ekki mikið og margir telja mikla nauðsyn á að gera þar bragarbót. Í þessari tölu er ekki talinn trjágróður í þéttbýli, við frístundabyggð eða skjólbelti né skógarlundir á bændabýlum. Það má því fullyrða að heildarskógarþekja landsins sé vanmetin. Til ársins 2040 er stefnt að því að auka skóga um 30% (600 km<sup>2</sup>) en það þýðir að stofna verði til skóga á um 30 km<sup>2</sup> árlega. Um 67% landsins liggja ofan 300 metra hæðarlínu. Þar verður víðast hvar ekki ræktaðir miklir skógar af veðurfarslegum ástæðum. Neðan 300 m eru veðurfarsleg skilyrði til skógræktar erfið á ákveðnum svæðum, svo sem á norðanverðum Vestfjörðum og á nyrstu skögum norðanlands. Þá eru ýmis svæði neðan 300 m sem eru óhentug til skógræktar, svo sem skriður og klettur, og ekki verður skógur ræktaður í vötnum eða ám.

Neðan 300 m, þar sem skógræktarskilyrði eru hvað best, er vaxandi samkeppni um land. Þar er stærstur hluti ræktaðs lands, þéttbýli, frístundabyggð, vegir og helstu samgöngumannvirki. Þar eru einnig svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum, svo sem votlendi, nútímahraun og hverasvæði og svæði sem eru búsvæði ýmissa fuglategunda sem við Íslendingar, samkvæmt alþjóðasamningum, berum ábyrgð á, svo sem heiðlóu og spóa.

### **Útsýnið er verðmæt náttúruauðlind**

Ísland er mikið og vaxandi ferðamannaland. Erlendir ferðamenn sækja í auknum mæli í að njóta íslenskrar náttúru. Ferðamannageirinn er orðinn einn af þremur mikilvægustu atvinnugreinum á Íslandi. Hlutdeild hans í þjóðarframleiðslu er um 25%. Vegna ómengaðs og hreins loftis er útsýnið á Íslandi einstakt í sinni röð og líklega er útsýni ein vanmetnasta auðlind landsins. Sífbreytilegt útsýni innan sama dags, milli daga, milli árstíða og landshluta er meðal annars það sem erlendir ferðamenn sækja í að upplifa.

Því miður eru líkur á að ef áform um sívaxandi skógrækt á Íslandi ganga skipulagslítið eftir muni orðspor Íslands sem ferðamannalands fara halloka. Útsýni á landinu mun minnka eftir því sem tímar líða ef ekki er hugað að þeirri hlið málsins áður en framkvæmdir við plöntun skóga hefist. Því þarf að skipuleggja staðsetningu lands sem tekið verður undir skógrækt út frá hvaða áhrif fyrirhugaður skógur muni hafa á ásýnd landsins og á útsýni á viðkomandi landsvæði að 50 til 100 árum liðnum. Þá þarf að huga sérstaklega að því hvort trén muni valda því að snjór safnist við vegi og hindra þannig umferð og auka kostnað við snjómokstur. Ekki má heldur gleyma að tré geta beinlínis verið hættuleg umferð, t.d. þar sem þau byrgja sýn við gatnamót. Langtímasjónarmið þurfa að vera regla þegar unnið er að skipulagi lands.

### **Áberandi mistök við staðsetningu skóga eru þegar til staðar**

Ljóst er að mistök hafa þegar verið gerð í þessum eignum. Á undanförunum áratugum hefur útsýni af vegum við fjölsóttu ferðamannastaði og til áhugaverðra kennileita í landslagi víða verið skert með því að trjám hefur verið plantað á röngum stöðum. Staðan þar mun einungis fara versnandi enda þótt ekki verði við bætt. Má til dæmis nefna útsýni til Skógafoss af þjóðveginum, útsýni til Heklu af þjóðveginum milli Hellu og Hvolsvallar, útsýni til Heklu og Tindfjalla af veginum frá Skálholti að Geysi. Útsýni yfir bugðurnar í Reykjadalssá af hálsinum áður en komið er að Kleppjárnsreykjum og útsýni yfir hamraborgir og fjölbreytilegt landlag á leið norður frá Borgarnesi er að hverfa. Til þess eru mistökin að læra af þeim og forðast að endurtaka þau. Meðferð lands skiptir einnig miklu máli. Í því sambandi má minna á að land sem er vaxið birkikjarri verður allt að því ófært yfirferðar fyrir gangandi fólk þegar birkið fær að vaxa óáreitt áratugum saman, s.s. vegna minna beitarálags.

### **Mikilvægt að læra af reynslunni**

Alaskalúpinu var sáð víða um land á liðnum áratugum, oft af meira kappi en forsjá. Nú er almennt viðurkennt að þar hafi verið farið offari. Reynolds síðustu ára bæði hér á landi og erlendis bendir til þess að trjátegundir sem notaðar eru hér í stórum stíl í skógrækt, eins og sitkagreni og þó sérstaklega stafafura, geti reynst ágengar og verði því illviðráðanlegar þegar tímar líða. Val á tegundum til skógræktar er því afar mikilvægt og ber því að hafa varúðarregluna að leiðarljósi.


### **Að endingu**

Þeim sem fara með skipulagsmál er falin mikil ábyrgð og ákvarðanir þeirra ráða miklu um hvernig vistkerfi og ásýnd landsins mun mótast til framtíðar. Hér að ofan eru dregin saman nokkur atriði sem við hjá Vinum íslenskrar náttúru viljum vekja athygli á. Við leggjumst ekki gegn skógrækt en teljum mikilvægt að menn átti sig á því að með stórfelldri skógrækt, einkum með framandi hávöxnum trjátegunum, er verið að gerbreyta íslenskri náttúru. Þar skiptir

skipulagning gríðarlega miklu máli og að þar sé unnið af vandvirkni og með langtímasjónarmið í huga. Einkunnarorð okkar eru: Rétt tré á réttum stað.

VÍN óskar vinsamlegast eftir því að stjórn Sambandsins sendi afrit af þessu bréfi til allra sveitarstjórna í landinu. Jafnframt að þessi mál verði sett á dagskrá næsta þings sveitarfélaganna.

F.h. stjórnar VÍN



Sveinn Runólfsson, formaður.

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Póstur - LKS <postur@landskjorstjorn.is>  
**Sent:** föstudagur, 5. maí 2023 14:59  
**To:** Póstur - LKS  
**Subject:** Rásfundur fyrir forsetakosningar 2024

### Rásfundur fyrir forsetakosningar 2024

Heil og sæl,

Þann 1. júní á næsta ári fara fram forsetakosningar og við hjá landskjörstjórn viljum af því tilefni bjóða **einum fulltrúa** frá sveitarfélaginu til *rásfundar* um forsetakosningarnar og önnur kosningatengd málefni þann 1. júní frá kl. 13-16 að Hallveigarstöðum, Túngötu 14, 101 Reykjavík.

Fulltrúinn má gjarnan vera úr yfirkjörstjórn sveitarfélagsins eða starfsmaður sem kemur að kosningatengdum málum.

Landskjörstjórn býður fundargestum að þiggja léttar veitingar að fundi loknum í húsakynnum sínum að Tjarnargötu 4.

Á fundinn eru boðnir fulltrúar frá yfirkjörstjórnnum, sveitarfélögum, sýslumönnum, ráðuneytum og fleirum.

Við munum senda út drög að dagskrá þegar nær dregur auk formlegs fundarboðs.

Um leið og við vonumst til þess að sjá sem flest þá er vakin athygli á að ekki verður greidd þóknun, dagpeningar eða ferðakostnaður vegna hans. Fjarfundur verður í boði fyrir þau sem ekki eiga heimangengt.

Kær kveðja,  
Ástríður Jóhannesdóttir,  
framkvæmdastjóri landskjörstjórnar



Landskjörstjórn

## Hulda Kristjánsdóttir


---

**From:** Gústav Aron Gústavsson <gustav.a.gustavsson@irn.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 10. maí 2023 14:29  
**To:** Gústav Aron Gústavsson  
**Subject:** Bréf EFS til allra sveitarfélaga um almennt eftirlit á árinu 2023  
**Attachments:** EFS bréf til sveitarstjórnar 09.05.2023.pdf

Góðan daginn


Hjálagt er bréf frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) til allra sveitarfélaga varðandi almennt eftirlit með fjármálum sveitarfélaga á árinu 2022. Bréfið er sent til að upplýsa sveitarfélög um áhersluatriðið EFS fyrir árið 2023 og ekki þarf að bregðast sérstaklega við bréfinu nema óskað sé eftir frekari upplýsingum eða leiðbeiningum.

Kveðja,  
Gústav Aron



**Gústav Aron Gústavsson, sérfræðingur / Special Adviser**

Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála / Department of Local Government and Regional Affairs  
Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure  
Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 545 8200  
<http://www.irn.is> - Fyrirvari/Disclaimer



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Stjórnarráð Íslands  
InnviðaráðuneytiðEftirlitsnefnd með  
fjármálum sveitarfélaga

stjornarradid.is

Til sveitarstjórnar

Reykjavík 9. maí 2023  
Tilv.: IRN23010112/4.11.1

Efni: Almennt eftirlit með fjármálum sveitarfélaga á árinu 2023

Í VIII. kafla sveitarstjórnarlaga er fjallað um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga og hlutverk eftirlitsnefndar. Í 79. gr. segir að eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) skuli fylgjast með fjármálum, þ.m.t. reikningsskilum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga og bera þau saman við viðmiðanir samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Jafnframt skal nefndin hafa almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga séu í samræmi við lög og reglur. Að auki gildir reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012.

Með hliðjón af hlutverki EFS þá hefur nefndin sett sér starfsáætlun fyrir árið 2023 þar sem fram kom helstu áhersluatriði nefndarinnar fyrir árið. Nefndin telur mikilvægt að sveitarstjórnir séu upplýstar um áhersluatriði nefndarinnar til að hægt sé að hafa þau til hliðsjónar og er það gert með bréfi þessu. Á árinu 2023 verða eftirfarandi aðgerðir framkvæmdar vegna eftirlits með fjármálum sveitarfélaga:

1. Yfirferð ársreikninga 2022 og samanburður við fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga og fjárhagsleg viðmið EFS.
2. Yfirferð fjárhagsáætlunar 2023-2026 og samanburður við fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga og fjárhagsleg viðmið EFS.
3. Yfirferð á endurskoðunarskýrslum 2022 en þar koma fram upplýsingar um fjármál og fjármálastjórn og lúta að hlutverki EFS í 79. gr. sveitarstjórnarlaga um almennt eftirlit með að þessir þættir séu í samræmi við lög og reglur.
4. Skoðun á framsetningu varðandi reikningsskil skv. gr. 60 og fjárhagsleg áhrif, meðal annars vegna byggðasamlaga.
5. Yfirferð á fjármálum A-hluta með tilliti til fjárhagslegra viðmiða sveitarstjórnarlaga og samspils við B-hluta fyrirtæki.

Vegna fjárfestinga minnir eftirlitsnefndin á ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga um miklar fjárfestingar og skuldbindingar. Þar segir að áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðrar skuldbindingar sem nema hærrí fjárhæð en 20% af skatttekjum er skylt að gera mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins. Í því sambandi áréttar nefndin að átt er við heildarkostnað framkvæmdarinnar en ekki einungis þann hluta sem til fellur á viðkomandi ár og að í heildarkostnaði er átt við kostnað sem felst í notkun framkvæmdar eða við þá þjónustu sem þar er áformað að veita.

Sveitarstjórnir er jafnframt hvattar til að hafa samband við eftirlitsnefndina óski þær eftir

frekari upplýsingum eða leiðbeiningum.

Fyrir hönd Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

Þórir Ólafsson  
formaður

Gústav Aron Gústavsson

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Ester Anna Ármannsdóttir - SLS <Ester.Armannsdottir@skipulag.is>  
**Sent:** föstudagur, 2. júní 2023 16:57  
**To:** Egill Þórarinsson - SLS; Björn Teitsson - SLS  
**Subject:** Umhverfismatsdagurinn 2023 – Loftslag og umhverfismat skipulag@hvalfjardarsveit.is

Góðan dag,

Umhverfismatsdagurinn, árlegt málþing Skipulagsstofnunar um umhverfismat, fer fram í Hannesarholti á Grundarstíg 10 í Reykjavík, þann 8. júní næstkomandi.

Öll áhugasöm eru hjartanlega velkomin og fer skráning fram [hér](#). Viðburðinum verður jafnframt streymt á Facebook-síðu Skipulagsstofnunar. Ekki er þörf á að skrá sig til að fylgjast með streyminu.

Í ár verður Umhverfismatsdagurinn helgaður þætti loftslagsbreytinga þegar kemur að umhverfismati og farið yfir sviðið þegar kemur að framkvæmdum og áætlunum á Íslandi með tilliti til loftslagsáhrifa. Hvernig er hægt að standa betur að mati á áhrifum á loftslag? Við heyrum frá sérfræðingum úr ólíkum áttum og reynum að draga upp stöðuna eins og hún er – með það að markmiði að leita lausna fyrir framtíðina. Meðal erinda eru:

- **Greenhouse gas emissions and EIA - A UK perspective**, Joanna Wright, forstöðumaður hjá ráðgjafarstofunni LUC í Englandi
- **Loftslagsmál í umhverfismati: Stækkun Keflavíkurflugvallar og Aðalskipulag Reykjavíkur**, Bryndís Skúladóttir, sérfræðingur VSÓ Ráðgjöf
- **Hvernig náum við árangri í að draga úr loftslagsáhrifum framkvæmda?**, Alexandra Kjeld, sérfræðingur hjá Eflu verkfræðistofu

Að erindum loknum verða **pallborðsumræður** þar sem Alexandra Kjeld, Bryndís Skúladóttir, Ólafur Árnason, settur forstjóri Skipulagsstofnunar, Hlín Gísladóttir, Umhverfisstofnun og Þórunn Wolfram Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Loftslagsráðs munu ræða um loftslagsmál í umhverfismati.

Fundarstjóri er Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur.

Nánari upplýsingar um viðburðinn ásamt skráningareyðublaði má nálgast á [vef Skipulagsstofnunar](#).

Kveðja,  
Ester

---

Ester Anna Ármannsdóttir  
Sviðstjóri, svið stefnumótunar og miðlunar/Division Head, Strategy and Communications  
Skipulagsstofnun - National Planning Agency  
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland  
sími 595 4100  
[Ester.Armannsdottir@skipulag.is](mailto:Ester.Armannsdottir@skipulag.is)  
[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)  
[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Byggðasafn Árnesinga <info@byggdasafn.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 1. júní 2023 12:12  
**To:** Lýður Pálsson  
**Subject:** Byggðasafn Árnesinga 70 ára

Í dag eru 70 ár liðin frá því farið var að skrá gripi til Byggðasafns Árnesinga og safn varð til. Skúli Helgason frá Svínavatni sá um söfnunina og mótaði grunnsýningu safnsins sem var til 1995 á Selfossi en síðan í Húsinu á Eyrarbakka. Í aðfangabók Skúla eru fyrstu gripirnir skráðir 1. júní 1953 þegar hann tók við munum frá Arnarstöðum í Flóa ásamt því sem hann skráði gamla muni úr sínum fórum. Stöðug söfnun hefur verið við safnið síðan og nálgast skráðir gripir á áttunda þúsund með undirsöfnum.

Í tilefni afmælisins setti safnið á fót Ásgrímsleiðina ásamt Listasafni Árnesinga og Listasafni Íslands. Minnt er á einn fremsta listamann þjóðarinnar sem fæddist í Árnessýslu og var Ásgrímur Jónsson (1876-1958) listmálari frá Rútsstaða-Suðurkoti í Flóa. Sögustaðir Ásgríms í Flóanum eru til staðar. Í borðstofu Hússins á Eyrarbakka er sýning um æsku Ásgríms, „Drengurinn, fjöllin og Húsið“. Einnig sýningin Hornsteinn í Listasafni Árnesinga.

Í tilefni 70 ára afmælis Byggðasafns Árnesinga hefur verið sett um vefsýning á síðunni [www.sarpur.is](http://www.sarpur.is) sem er gagnagrunnur íslenskra safna. Þar er safnið kynnt ásamt vel völdum safnmunum úr safnkosti safnsins. Á sýningunni eru kynntir gripir úr öllum gömlu sveitarfélögum Árnessýslu. Mestallur safnkostur Byggðasafns Árnesinga er skráður í Sarp og geta allir áhugasamir kynnt sér gripi sem eiga sér uppruna í þessu stóra og fjölmenna héraði.

Opið hús verður í varðveisluhúsi Byggðasafns Árnesinga að Búðarstíg 22 á Eyrarbakka í haust.

Stofnun Byggðasafns Árnesinga var á vegum Sýslunefndar Árnessýslu en núverandi eigandi safnsins er Héraðsnefnd Árnesinga, byggðasamlag átta sveitarfélaga sýslunnar. Hlutverk safnsins er söfnun, varðveisla, rannsóknir og miðlun á menningaminjum héraðsins. Safnið heldur uppi grunnsýningu í Húsinu á Eyrarbakka, Eggjaskúrnum, Kirkjubæ og Sjóminjasafninu. Safnið hefur miðlað safngripum á sýningar víða í héraðinu. Einnig sér safnið um Rjómbúið á Bausstöðum. Innri aðstaða safnsins er að Búðarstíg 22 á Eyrarbakka. Við safnið starfa þrjú fagmenntaðir starfsmenn auk lausráðinna starfsmanna yfir sumartímann.

Í söfnum er leitast við að svara spurningunni hver erum við? Hvert var fólkíð sem byggði þetta samfélag? Söfn segja sögu með gripum og geyma í sér ákveðin minni. Söfn varðveita því menningu heilla byggðalaga og eru því samfélagslega mikilvæg.

Safnið er opin alla daga kl. kl. 10-17. Kaffi og kleinur fyrir gesti í dag 1. júní 2023.

Vefsýning Byggðasafns Árnesinga í Sarpi: [Sarpur](http://www.sarpur.is) - [Byggðasafn Árnesinga í 70 ár](http://byggdasafn.is)

Afmælisgrein Lýðs Pálssonar safnstjóra: [Byggðasafn Árnesinga 70 ára | byggdasafn.is](http://byggdasafn.is)

Ásgrímsleiðin: [Ásgrímsleiðin | byggdasafn.is](http://byggdasafn.is)

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Jón Guðmann Pétursson <jongp@simnet.is>  
**Sent:** föstudagur, 2. júní 2023 14:50  
**To:** postur@isafjordur.is; arneshreppur@arneshreppur.is; drangsnæs@drangsnæs.is; strandabyggd@strandabyggd.is; sveitarstjóri@reykhólar.is; sudavík@sudavík.is; vesturbyggd@vesturbyggd.is; bolungarvík@bolungarvík.is; talknafjordur@talknafjordur.is; snb@snb.is; grundarfjordur@grundarfjordur.is; stykkishólmur@stykkiholmur.is; eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is; dalir@dalir.is; borgarbyggd@borgarbyggd.is; skorradalur@skorradalur.is; hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is; skrifstofa@hunathing.is; hunabyggd@hunabyggd.is; skagafjordur@skagafjordur.is; skagabyggd@simnet.is; skagastrond@skagastrond.is; langanesbyggd@langanesbyggd.is; nordurthing@nordurthing.is; thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is; esveit@esveit.is; skrifstofa@tjorneshreppur.is; sveitastjóri@grenivík.is; postur@svalbardsstrond.is; horgarsveit@horgarsveit.is; fjallabyggd@fjallabyggd.is; mulathing@mulathing.is; skrifstofa@vopnafjardarhreppur.is; fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is; fjardabyggd@fjardabyggd.is; klaustur@klaustur.is; afgreidsla@hornafjordur.is; myrdalshreppur@vík.is; hvolsvollur@hvolsvollur.is; ry@ry.is; asahreppur@asahreppur.is; skeidgnup@skeidgnup.is; hrúni@fludir.is; blaskogabyggd@blaskogabyggd.is; gogg@gogg.is; Sveitarstjóri Flóahrepps; olvus@olvus.is

**Subject:** Athugasemdir við álit og leiðbeiningar SÍS til sveitarfélaga vegna ágangsfjár  
**Attachments:** Andmæli við minnisblað Samb. ísl. sveitarfélaga um ágang búfjár.pdf

Beinist til fulltrúa bæjar- og sveitarstjórna.

Meðfylgjandi eru athugasemdir við álit og leiðbeiningar SÍS til sveitarfélaga vegna álits Umboðsmanns og úrskurðar dómismálaráðuneytisins vegna ágangsfjár.

Þann 2. júní 2023,

Virðingarfyllst,

Jón Guðmann Pétursson  
Kristín Magnúsdóttir  
Ívar Ingimarsson  
Lilja S. Jónsdóttir

4. mars 2023

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga  
Borgartúni 30, 112 Reykjavík.

B.t. Heiðu Bjargar Hilmisdóttur, formanns stjórnar.

**Efni: Athugasemdir við minnisblað sambandsins um réttarstöðu sveitarfélaga vegna ágangs búfjár.**

Samband Íslenskra sveitarfélaga sendi sveitarfélögum landsins minnisbréf dagsett þann 3. febrúar sl. sem hafði að markmiði að varpa ljósi á réttarstöðu sveitarfélaga þegar beiðnir um smölun berast þeim vegna ágangs búfjár, í ljósi álags Umboðsmanns Alþingis 11. október 2022 (11167/2021) og úrskurðar Dómsmálaráðuneytisins 11. janúar 2023 (DMR21080053).

Í minnisblaðinu er fallist á niðurstöðu álags umboðsmanns, þ.e. að sveitarstjórnnum beri lagaskyld til að smala ágangsfé í heimalöndum skv. ákvæðum IV. kafla laga um afréttamálefni, fjallskil og fleira, nr. 6/1986.

Þó fallist sé á lagskylduna í minnisblaðinu, er þar flest fundið því til forráttu að sveitarfélög sinni þeirri skyldu.

Þá er alfarið skautað framhjá þeim gríðarlega vanda sem ágangsfé er í mörgum sveitum og þá bæði siðferðislegu og lagalegu skyldu sveitarstjórna að takast á við og leysa þann vanda. Til viðbótar tjóninu sem ágangsfé veldur í heimalöndum, er ekið á u.þ.b. 1.000 kindur á þjóðvegnum í sveitum landsins á hverju sumri, í mörg hundruð slysum. Í þeim slasast tugir vegfarenda, sumir alvarlega.

Við undirrituð gerum eftirfarandi athugasemdir við efni minnisblaðsins.

### **1. Gróður er eign sem nýtur friðhelgis eignarréttar skv. stjórnarskrá.**

Í kaflanum um ágang búfjár úr afrétti í eignarlönd segir m.a. í minnisblaðinu:

„Lagaákvæðið er þó ekki nægilega hnitmiðað svo mögulegt sé að leggja til einhver viðmið um hvenær sveitarstjórn ætti að smala, en hér þyrfti að líta til fjölda fjár og þá hvort fé sé að valda einhverju tjóni á eignarlandi.“

Þarna glittir í þá skoðun, sem heyrir stundum frá þeim sem vilja fóðra kindur sínar í leyfisleysi á gróðri í annarra manna löndum, að kindur valdi engu tjóni. Gróður sé einskis virði og ástæðulaust fyrir landeigendur að gera veður út af eyðingu hans af hálfu annarra manna búfjár. Um friðhelgi gróðurs var fjallað í 2. gr. frumvarps þingmanna Framsóknarflokksins, sem lagt var fram á Alþingi árið 1929, í þeim tilgangi að koma á vörsluskyldu búfjár í heimasveitum. Greinin hljóðaði þannig:

„Gróður lands er friðhelgur, og er því hver búfjáreigandi skyldur að gæta búfjár síns, að það geri ekki öðrum skaða, með þeim nánari ákvörðunum og takmörkunum, sem lög þessi setja.“

Í skýringu við lagagreininna var fjallað um eignarrétt, stjórnarskrá og gróður:

„Eignarrétturinn er friðhelgur eftir stjórnarskránni. Gróður lands er eign þess, sem landið á eða hefir umráð yfir. Af þessu leiðir, að sérhverjum er óheimilt að beita annars land.“

Þegar landeigandi óskar eftir því að ágangsfé sem er í landi hans sé smalað og flutt burt, þá halda ekki þau rök, þó vinsæl séu, að ágangsfé valdi „engu tjóni“. Kindur éta gróður og ræktun landeigandans, þó svo fyrrgreint frumvarp hafi ekki orðið að lögum árið 1929, þá njóta eignir hans friðhelgis eignarréttar skv. 72. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins. Þá getur tjón af völdum ágangs verið gríðarlegt, t.a.m. í nýskógrækt.

Hefðbundin eignarumráð fela meðal annars í sér einkarétt til afnota og hagnýtingar eignar. Eins felst í eignarrétti réttur til að hindra hagnýtingu annarra á umræddri eign. Þannig skiptir það engu hvort um sé að ræða eina kind eða fleiri sem éta gróður í óþökk landeiganda, eða hvort um verulegt eignartjón sé að ræða eður ei. Ágangur er ólögætur og eigendum ágangsfjár og hlutaðeigandi sveitarfélögum ber að koma í veg fyrir ólögæta hagnýtingu eigna annarra.

## 2. Fjallskilasamþykktir eru ekki óskalisti kindaeiganda.

Í niðurstöðukafla minnisblaðinu segir að mögulegt væri að setja í fjallskilasamþykktir ákvæði um hvenær sveitarfélögum beri að smala ágangsfé í heimalandi, sem kemur úr öðru heimalandi. Þar segir:

„Hvað varðar smölun milli eignarlanda er niðurstaða undirritaðs að skylda sé til staðar að lögum að annast smölun á kostnað eiganda búfjár. **Skilyrði til smölunar mætti skilgreina í fjallskilasamþykkt, þ.m.t. hvað teljist til „ágangs“ búfjár í skilningi ákvæðisins.**“

Í 3. gr. laga um afréttamálefni nr. 6/1986, segir um fjallskilasamþykktir:

„Í fjallskilasamþykkt skal kveðið á um ytri mörk fjallskilaumdæmis, skiptingu umdæmis í fjallskiladeildir, réttindi manna og skyldur að því er varðar afnot afrétta og annarra sameiginlegra sumarbeitilanda, fjallskil og smalanir heimalanda vor og haust, svo og um öll önnur atriði er að framkvæmd fjallskila lúta.“

Hvað sé ágangur og hvenær ber að smala honum, snýr ekki að fjallskilum og er því ekki „útfærlegt“ í fjallskilasamþykkt. Í 33. gr. laga um afréttamálefni nr. 6/1986 er sérstök heimild þess efnis að hægt sé í fjallskilasamþykkt að ákveða hvernig kostnaði vegna smölunar ágangsfjár sé fyrirkomið, þegar það kemur úr öðru heimalandi. Ef löggjafinn hefði viljað að önnur atriði ágangsmála væru „útfærð“ í fjallskilasamþykktum, hefði hann látið þess getið í lagagreininni, í stað þess að takmarka heimildina við kostnaðinn.

Athygli er vakin á því að Umboðsmaður Alþingis hefur í áliti bent á að ráðherra hafi eftirlitsskyldu með fjallskilasamþykktum og beri að tryggja að þær séu í samræmi við lög.

## 3. Löghlýðni - bara stundum.

Í kaflanum um ágang vegna búfjár sem heimilt er að hafa í heimahögum segir m.a.:

„Lögin gera þó beinlínis ráð fyrir því að sveitarstjórnir haldi að sér höndum vegna slíkra beiðna og er einn möguleiki sveitarfélags að hafna öllum slíkum beiðnum.“

Það er skýr lagaskylda sveitarstjórna að smala ágangsfé í heimalöndum og undan þeirri lagaskyldu geta sveitarfélög ekki vikist. Sveitarstjórnir byggja tilveru sína á löghlýðni þegnanna og hafa eftirlitsskyldu með þeirri hlýðni á fjölmörgum sviðum. Það skýtur skökku við að það sé álitinn kostur fyrir sveitarstjórnir að fara ekki að lögum.

Ef sveitarstjórnir fara ekki að lögum er um lögbrot að ræða sem er, eins og önnur lögbrot, kæránlegt til lögreglu. Til viðbótar því að þurfa að sinna verkefninu, sem sveitarfélagið skirrist undan, mundi lögreglan væntanlega beita sveitarfélagið viðeigandi viðurlögum.

## 4. Er erfiðara smala kindum, en handsama hunda, hesta eða hrúta?

Í kaflanum um málsmeðferð sveitarfélags vegna beiðna um smölun vegna ágangs milli eignarlanda, segir m.a. í minnisblaðinu:

„Ákveði sveitarstjórn að sinna beiðni um smölun vegna ágangs sauðfjár milli heimalanda er mikilvægt að hafa í huga að um er að ræða íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun gagnvart þeim sem eiga umrætt sauðfé, hyggist sveitarfélag innheimta þann kostnað hjá sauðfjáreigendum. Það hefur í för með

sér skyldu sveitarfélagsins til þess að virða meginreglur stjórnsýslulaga, þ.m.t. um meðalhóf, rannsóknarskyldu og andmælarétt. Áður en sveitarfélag myndi ganga í slíka smölun fjár þyrfti a.m.k. að gera eigendum aðliggjandi jarða viðvart að slík smölun eigi að fara fram, hver áætlaður kostnaður við hana yrði (tímagjald smala, fjöldi þeirra og annað sem máli getur skipt) og þeir þurfi innan t.d. 7 daga að ná í sauðfé sem þeir telji sig eiga, en að öðrum kosti muni sveitarstjórn smala og kostnaði verði deilt á eigendum búfjár eftir höfðatölu þess sem smalast. Slíkt ætti að birtast á heimasíðu og jafnframt með sannreynanlegum hætti til viðkomandi s.s. með ábyrgðarbréfi.“

a. **Stjórnsýslulög; einföld, hraðvirk og ódýr stjórnsýsla..?**

Minnisblaðið kveður ákvörðun sveitastjórna að smala ágangsfé, þegar rukka þarf ágangseigendur fyrir kostnaði við smölunina, vera íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun og því sé nauðsynlegt að það dagshlutaverk taki eina til tvær vikur, til að innheimta kostnaðarins sé öruggari.

Þegar landeigandi óskar eftir að gróður og starfsemi hans fái lögskipaða vernd fyrir frekara tjóni af völdum ágangsfjár, fellur slík vernd um sjálfa sig ef sveitarstjórnin bíður með að láta smala í eina til tvær vikur, á meðan hún á í bréfasamskiptum við hugsanlega fjáreigendur um fyrirhugaða smölun. Með því flókna, seinvirka og kostnaðarsama verklagi, til að uppfylla ákvæði stjórnsýslulaga, er gengið þvert gegn einu af þremur meginmarkmiðum laganna, sem er að stuðla að því, og alls ekki girða fyrir, að málsmeðferð stjórnsýslunnar sé í senn **einföld, hraðvirk og ódýr**.

b. **Enginn smalar heimaland nema eigandi, sveitarstjórn eða lögregla.**

Rakið er í minnisbréfinu að sveitarstjórnir gætu boðið mögulegum ágangseigendum að ná í féð sitt, t.d. innan 7 daga, en að öðrum kosti muni sveitarstjórn láta smala. Augljóslega er slíkur framgangsmáti ómögulegur. Ef hópur ágangsfjár er í heimalandi þá getur sauðfjáreigandi, sem heldur að hann eigi sauð í hópnum, komið með smölunarteymi og elt sauðina uppi, þá komi sá næsti með sitt teymi og elti sauðina uppi og svo koll af kolli þar til sumir sauðirnir hafa verið teknir - og þá loks komi smölunarteymi sveitstjórnar og smali rest og skili þangað þar sem þeir mega vera. Að hinir og þessir vaði ítrekað yfir annarra manna heimalönd í leit að sauðum, er vitaskuld ekki valkostur. Slíkt „meðalhóf“, ef það telst vera það, er ólöglegt og ómögulegt.

c. **Aðilar máls og skynsamlegri framgangsmáti.**

Sveitarstjórn veit ekki hverjir eru aðilar máls þegar beiðni berst um að smala ágangsfé í heimalandi. Féð getur komið langan veg, þar sem það ferðast eftir þjóðvegum, fer yfir fjöll og eftir fjörum, og getur því verið í eigu ótal aðila og í raun allra sem eiga kindur í viðkomandi sóttvarnarhólfi. Það storkar skynsemi að ætla sveitarstjórnnum að taka upp formleg samskipti við þá sem eiga kindur í viðkomandi sóttvarnarhólfi til að gefa þeim andmælarétt, vegna komandi smölunar á nokkrum kindum – og veiti þeim öllum andmælarétt, tækifæri til að kanna hvað þeir eigi í hópnum og svo leyfi til að sækja skjáturnar sínar næstu vikuna, eða svo.

**Eðlilegri framgangsmáti** er að sveitarstjórn láti eins fljótt og verða má smala fénu í aðhald, svo hægt sé að sinna þeirri rannsóknarskyldu að finna út úr því hverjir eru eigendur fjárins, og því aðilar að málinu. Því næst að bjóða þeim að sækja féð innan t.d. tveggja daga. Ef þeir geri það ekki, verði það keyrt þangað þar sem það má vera, með viðeigandi viðbótarkostnaði fyrir eigandann.

d. **Lausir hundar.**

Ef hundar ganga lausir í borginni er hundaeftirliti borgarinnar gert að handsama þá. Borgin hefur ekki haft þann hátt á að senda í ábyrgðarpósti bréf til skráðra hundaeigendur viðkomandi borgarhluta þar sem þeim er gert grein fyrir að hundar

gangi lausir og stefnt sé að því að handsama þá en eigendur þeirra þyrftu að leysa þá út gegn kr. 34.650 gjaldi fyrir hvern hund. Þeir sem hafi athugasemdir við þann framgangsmáta hefðu svo andmælarétt í nokkra daga og gætu sjálfir leitað hundanna í viku. Núverandi verklag borgarinnar er byggt á samþykkt hennar um hundahald nr. 355, dagsett 11. mars 2022.

Í 4. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013 er sveitarfélögum heimilað að setja samþykkt um búfjárhald sem birta skal í Stjórnartíðindum. Þar væri, ef slíkt er talið nauðsynlegt eða æskilegt, hægt að upplýsa um skyldur búfjáreigenda og sveitarfélagsins varðandi ágangsfé og mögulegan kostnað vegna slíks fjár, ef til smölunar þess kæmi.

**Fyrst hægt er að handsama hunda hratt og örugglega, þegar þeir ganga lausir þar sem þeir mega ekki vera, og rukka eigendur þeirra um handsömunargjald, er ótrúlegt að ekki sé hægt með svipuðum hætti að handsama kindur, þegar þær eru þar sem þær mega ekki vera, og rukka eigendur þeirra um handsömunarkostnað.**

Eini munurinn er að lausir hundar, ólíkt ágangsfé, eru í langflestum tilfellum ekki uppteknir við að skemma eigur einhvers.

#### e. Graðpeningur.

Lög fela sveitastjórnnum ýmis brýn verkefni, m.a. að varna því að graðpeningur valdi skaða í kynbótastarfi bænda. Í 2. mgr. 4. gr. laga um búfjárhald, nr. 38/2013, segir:

„Sveitarstjórn skal hlutast til um að graðpeningur, sem ekki er í öruggri vörslu, sé handsamaður og honum komið í örugga vörslu. Eigandi getur leyst til sín viðkomandi graðpening gegn greiðslu áfallins kostnaðar. Við ítrekuð brot skal graðhestur seldur nauðungarsölu samkvæmt lögum um nauðungarsölu en felldur verði hann ekki seldur. Öðrum graðpeningi skal slátrað og sölu- eða frálagsverð látið mæta áföllnum kostnaði.“

Ótrúlegt er að þau vinnubrögð hafi tíðkast, eða séu ráðlögð af Sambandi Íslenskra sveitarfélaga, að þegar kvartað er yfir lausum graðhestum, setji sveitarstjórnir sig í skriflegt samband, með ábyrgðarpósti, við þá sem mögulega eiga slíka hesta, láti þá vita að til standi að koma graðhestunum í örugga vörslu, og upplýsi mögulega eigendur hestanna um væntanlegan kostnað, ásamt því að gefa þeim andmælarétt í nokkra daga - og viku til að ná þeim sjálfir.

#### 5. Allt orkar tvímælis ef smala á ágangsfé.

Í minnisblaðinu segir um allskonar möguleg ágreiningsmál, meint varnarleysi sveitarstjórna og réttindi landeigenda:

„Hér má gera ráð fyrir að deilur gætu staðið um ýmis atriði varðandi ákvarðanir sveitarstjórnar, s.s. um það hvort þetta teljist „ágangur“ búfjár eða ekki, hvernig kostnaðarskipting eigi að vera, enda ekkert fjallað um það ef fé finnst frá fleiri bæjum en einum í sömu leitinni, hvort of margir/fáir menn hafi verið fengnir til leitar og eflaust fleiri atriði sem slíkir aðillar gætu byggt rétt sinn á... Þá getur sveitarfélag ekki gert kröfur af neinu tagi gagnvart viðkomandi umráðamanni búfjár að koma í veg fyrir að þetta gerist aftur, þ.e. að ágangurinn verði sífelldur, heldur er sá réttur til staðar hjá eigendum heimalandanna í samræmi við ákvæði girðingalaga. Mögulegt er því að beiðnir um smölun gætu orðið sífelldar ef fé leitar ávallt á sömu staði og sömu heimalönd.“

Fyrr í minnisblaðinu eru leidd rök að því að ágangur í heimaland, sem kemur úr öðru heimalandi, sé líklega allt frá því að vera stök kind einu sinni. Við teljum reyndar að það liggi í augum uppi. **Kostnaðarskipting** hlýtur að vera í hlutfalli við fjölda fjár sem hver á (en ekki hvernig..?). Að gera ágreining um fjölda smalamanna hlýtur að þurfa að byggjast á eðlilegum og málefnalegum sjónarmiðum.

Að sveitastjórnir geti ítrekað lent í að smala sama fénu, frá sama aðilanum, og geti ekki gert neinar kröfur til viðkomandi kindaeiganda, er alls ekki rétt því að í 5. gr. laga um búfjárhald, nr. 38/2013 segir:

„Sveitarstjórnnum, einni eða fleiri samliggjandi sveitarfélaga, er heimilt, til að koma í veg fyrir ágang búfjár, að ákveða að umráðamönnum búfjár sé skylt að hafa það í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta ársins....skal vera gripaheld girðing og ber umráðamaður búfjár ábyrgð á að svo sé.“

Ef sveitarstjórn vill ekki, eða hefur ekki trú á þeirri leið að smala og rukka, til að koma í veg fyrir að fé valdi ítrekað skemmdum í landi þar sem það má ekki vera, þá getur sveitastjórn einfaldlega sett á vörsluskyldu á búfé í sveitinni.

Að það sé réttur landeiganda að láta eigendur ágangsfjár girða lönd sín af – er einnig mikill misskilningur. Land ágangseiganda geta legið að þjóðvegi, upp í fjallshlíðar eða niður að fjörum og ef eigandanum sýnist svo á fé hans frjálsa för eftir fjallinu, fjörunni eða þjóðveginum. Að ágangspöndur hafi úrræði til þess að láta þá, sem sleppa viljandi fé sínu lausu í heimasveitum, girða sig betur, er alls ekki rétt.

Sveitastjórnin er eini aðilinn sem getur komið skikki á ágangsmál í heimasveitum og leyst þau alvarlegu vandamál sem búfé á flækingi valda, er lúta að friðhelgi gróðurs landeigenda, velferð dýranna og öryggi vegfarenda. Það geta þær annað hvort gert með því að láta smala ágangsfé hratt og örugglega, og rukkað eigendur þess fyrir kostnaði með þeim augljósa tilgangi að þeir gæti eftirleiðis betur að búfé sínu, eða með því að skylda hið sjálfsagða fyrirkomulag, sem er alls staðar þar sem til þekkest í veröldinni, að eigendur búfjár gæti þess vandlega í heimasveitum (heimalöndum).

**Virðingarfyllst,**

Forsvarsmenn umræðuhóps um lausagöngu sauðfjár (1.472 meðlimir),

**Jón Guðmann Pétursson, kt. 311259-3779**

**Kristín Magnúsdóttir, kt. 270259-2009**

**Ívar Ingimarsson, kt. 200877-5359**

**Lilja S. Jónsdóttir, 090790-2509**

**Afrit:**

Innviðaráðuneyti, Matvælaráðuneyti, Dómsmálaráðuneyti, Bændasamtök Íslands, Umboðsmaður Alþingis, Landvernd, Landgræðslan, Skógræktin, Sjóvá, VÍS, Vörður, TM, Dýraverndarsamband Íslands, Samgöngustofa, Vegagerðin, Matvælastofnun.